



Til: Bæjarráðs

Frá: Bæjarstjóra

Efni: 1402389 - Mannauðsstefna Hafnarfjarðarbæjar - endurskoðun

Drög að endurnýjaðri mannauðsstefnu voru lögð fram og kynnt í bæjarráði 7. maí síðastliðinn. Í framhaldi af þessari kynningu ákvað bæjarráð að fela bæjarstjóra að koma með tillögu um framhald vinnunnar á bæjarráðsfundi 21. maí.

Bæjarstjóri leggur til að bæjarráð skipi þriggja manna starfshóp sem yfirfer drögin og gerir lokatillögu að stefnunni. Berglind G. Bergþórsdóttir mannauðsstjóri og Kristján Sturluson sviðsstjóri stjórnsýslu starfi með hópnum.

Mannauðsteymið sem vann drög að stefnunni lagði til að kallað yrði eftir athugasemdum frá starfsfólki bæjarins áður en endanleg stefna yrði samþykkt. Þá hefur bæjarstjórn með samþykkt sinni frá 13. maí sl. markað áherslur í stefnunni. Einnig liggur fyrir að vinna þarf launa- og jafnlaunastefnu frá grunni sem og viðverustefnu en það eru nýir liðir í mannauðsstefnunni.

Í ljósi þess að sumarorlof hefjast fljótlega og að nokkuð tímafrek verkefni eru eftir áður en hægt er að leggja lokahönd á stefnuna gæti því lokatillaga verið lögð fyrir bæjarráð í byrjun október og bæjarstjórn tæki hana til umfjöllunar í framhaldinu.